



Reykjavík, 9. mars 2026
SFS26030034

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klettaborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. febrúar 2026:

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klettaborg verði breytt úr 71 barni í 96 börn.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 27. febrúar 2026
Umsögn foreldraráðs, ódags.



Reykjavík



Reykjavík, 27. febrúar 2026

SFS26030034

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Klettaborg

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Klettaborg verði breytt úr 71 barni í 96 börn.

Greinargerð

Leikskólinn Klettaborg, Dyrhömrum 5, er fjögurra deilda leikskóli þar sem leyfi er fyrir 71 barn. Um áramótin 2025-2026 var ný starfsstöð tekin í notkun við Klettaborg, Klettaborg-Kot, Sporhömrum 14. Þar eru tvær deildir fyrir 25 börn.

Leikskólinn Klettaborg fer því úr að vera 4 deilda skóli með 71 barni í 6 deilda skóla með 96 börn í janúar 2026. Boðið verður í öll þau pláss sem bættust við í innritun fyrir haustið 2026.

Fjöldi deilda og barna yrði eftir stækkunina eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	71 barn	
Klettaborg - Kot	2 deildir	25 börn	aukning um 25 börn
Samtals		96 börn	

Við þessa stækkun er lagt til að rekstrarleyfi Klettaborgar fari úr 71 barni í 96 börn.

Umsögn frá foreldraráði liggur fyrir.



Reykjavík

Foreldraráð Klettaborgar telur stækkun leikskólans jákvæða þróun þar sem núverandi stærð annar ekki ásókn.

Mikil þörf er á fleiri plássum í hverfinu, líkt og annarstaðar í Reykjavík og er þessi stækkun skref í rétta átt.

f.h. foreldrafélags Klettaborgar

Jóhanna Jónsdóttir